



Atvinnuvegaráðuneytið  
Skúlagata 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2025

2505001SU BG  
Málalykill: 40.21

## Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um lagareldi.

### I. Inngangur

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 1. desember sl. um áform um frumvarp til laga um lagareldi ásamt frummati á áhrifum lagasetningar. Fram kemur að samning frumvarpsins standi yfir og að frumvarpið muni m.a. byggja á drögum að stefnu stjórnvalda til ársins 2040 í tengslum við uppbyggingu og umgjörð lagareldis og þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040 en sú stefnumótun byggði m.a. á skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi. Með frumvarpinu er stefnt að því að setja ný heildarlög um lagareldi sem nái til sjókvíeldis, landeldis og hafeldis.

Kemur einnig fram að með lagasetningu sé stefnt að því að skapa greininni þannig umgjörð að jákvæð áhrif hennar m.t.t. verðmæta- og atvinnusköpunar verði sem mest á sama tíma og komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif hennar á umhverfið.

Athygli vekur að Samtök sjávarútvegssveitarfélaga eru ekki talin upp í tengslum við upptalningu á hagsmunaaðilum og samráð. Stjórn samtakanna óskar eftir því að bætt verði úr því enda hafa sjávarútvegssveitarfélögin mikla hagsmuna að gæta í þessu máli.

### II. Helstu áherslumál

#### Gjaldtaka

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja það forsendu fyrir því að þessi atvinnugrein blómstri að þau sveitarfélög þar sem fiskeldi fer fram fái sanngjarnt afgang af auðlindinni sem þau geti nýtt til innviðauppbyggingar. Núverandi kerfi með umsóknarferli í Fiskeldissjóð, sem er samkeppnissjóður, hefur ekki reynst vel enda hafa sveitarfélög ekki getað gert fjárhagsáætlanir til lengri tíma þar sem ekki er hægt að treysta á stöðugt fjármagn úr slíknum sjóðum.

Fram kemur í áformaskjalinu að stefnt sé að því að fyrirkomulagi Fiskeldissjóðs verði breytt sem og innheimtu framleiðslugjalds og að fyrirhugað sé að einfalda úthlutun úr Fiskeldissjóði. Umræddur texti veitir litla innsýn í væntanlegt frumvarp en gefur í skyn að ekki sé gengið eins langt og sveitarfélög hafa talið nauðsynlegt en í Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga árin 2022-2026 segir í lið 8.26 „Fiskeldissjóður verði lagður niður og þess í stað fái sveitarfélög beina hlutdeild í auðlidnargjaldi.“ Samtökin telja að eðlilegt sé sveitarfélög fái beina hlutdeild í auðlidnargjaldi vegna lagareldis en slíkt fyrirkomulag er m.a. í Noregi.

Vísað er til nánari umfjöllunar um þetta efni í umsögn samtakanna um stefnu matvælaráðuneytisins um uppbyggingu og umgjörð lagareldis dags. 24. október 2023 og umsögn samtakanna um frumvarp til laga um lagareldi dags. 2. janúar 2024 en báðar umsagnir eru meðfylgjandi.

#### *Eftirlit og stjórnýsla*

Ítrekuð er fyrir afstaða samtakanna um að mikilvægt sé að eftirlit og stjórnýsla með þessari starfsemi sé virk og leyfisveitingaferlið sé skýrt og fyrirsjáanlegt fyrir rekstraraðila. Einnig að nauðsynlegt sé að byggja upp eftirlitsstjórnvöld í þeim landshlutum sem fiskeldi er mest svo eftirlit sé sem mest í tengslum við nærsamfélagið.

Vísað er til nánari umfjöllunar um þetta efni í fyrri umsögnum samtakanna um lagareldi sem eru meðfylgjandi.

#### *Önnur atriði*

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagna samtakanna um lagareldi.

#### **Niðurlag**

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga vekja athygli á því að í fyrri málum sem vísað er til í áformaskjalinu var áherslan að miklu leyti á sjókvíeldi. Síðustu ár hefur orðið mikil gróska í landeldi og hafeldi. Er því nauðsynlegt að væntanlegt frumvarp sé unnið í góðu samstarfi og samráði við sveitarfélög þar sem áformaskjalið veitir ekki mikla innsýn í væntanlegt frumvarp. Um grundvallarmálefni er að ræða fyrir þau sveitarfélög þar sem lagareldi er starfrækt, ekki eingöngu á Aust- og Vestfjörðum þar sem sjókvíaeldi fer fram heldur víðar um landið þar sem uppbygging er hafin eða er væntanleg í landeldi og hafeldi.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga óskar eftir því að fá að fylgja eftir þessari umsögn við ráðuneytið og lýsa sig reiðubúin til frekara samstarfs og samráðs vegna áframhaldandi vinnu við fyrirliggjandi frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Íris Róbertsdóttir  
formaður stjórnar og bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Sigfús Ingi Sigfússon  
Varaformaður stjórnar og sveitarstjóri Skagafjarðar

Fannar Jónasson,  
Stjórnarmaður og bæjarstjóri Grindavíkurbæjar

Gerður Björk Sveinsdóttir,  
Stjórnarmaður og bæjarstjóri Vesturbyggðar

Jón Björn Hákonarsson,  
Stjórnarmaður og forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,  
Varamaður í stjórn og sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Heimir Örn Árnason  
Varamaður í stjórn og formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar

Sigurjón Andrésson  
Varamaður í stjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

*Fylgiskjöl:*

1. Umsögn um stefnu matvælaráðuneytis um uppbyggingu og umgjörð lagareldis dags. 24. október 2023.
2. Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi dags. 2. janúar 2024.



Matvælaráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík 24. október 2023

2310001SU JBH/vfá  
Málalykill: 41.11

## Efni: Umsögn um stefnu matvælaráðuneytis um uppbyggingu og umgjörð lagareldis

### I. Inngangur

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda um stefnumörkun matvælaráðuneytis um uppbyggingu og umgjörð lagareldis, til 2040, sem birt var 4. október sl. í samráðsgátt (mál nr. 182/2023), Skýrslan byggir á öðrum gögnum sem áður hafa verið til samráðs, s.s. skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluúttekt á stjórnsýslu sjókvíaeldis og skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga leggja hér fram umsögn sína en taka einnig undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

### II. Umsögn

#### II. 1 Gjaldtaka

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja stefnumörkun ráðuneytisins mikilvægt skref til þess að taka ákvarðanir um framtíð lagareldis á Íslandi. Afstaða samtakanna er sú að forsenda þess að atvinnugreinin blómstri þurfi þau sveitarfélög þar sem fiskeldi fer fram að fá sanngjarnt afgjald af auðlindinni sem þau geti nýtt til innviðaupbyggingar. Núverandi kerfi með umsóknarferli í Fiskeldissjóð, sem er samkeppnissjóður, hefur ekki reynst vel enda hafa sveitarfélög ekki getað gert fjárhagsáætlanir til lengri tíma þar sem ekki er hægt að treysta á stöðugt fjármagn úr slíkum sjóðum.

Í stefnunni er byggt á þeim tillögum og athugasemdum sem fram komu í skýrslu Boston Consulting Group. Ein af þeim aðgerðum sem fram koma í stefnumótun ráðherra er eftirfarandi:

„4. Tekjur sjókvíaeldisbyggða verða tryggðar með skýrari og fyrirsjáanlegri hætti en gert er í dag. Ekki verður gert ráð fyrir að sjókvíaeldisbyggðir þurfi að sækja um í samkeppnissjóð heldur verður þeim tryggt fjármagn þar sem þeim hluta fiskeldisgjalds sem á að renna til sveitarfélaga verður skipt milli Austfjarða og Vestfjarða m.v. framleiðslumagn og síðan milli einstakra sveitarfélaga í þessum landshlutum m.v. fjölda íbúa hvers sveitarfélags sem vinna með beinum hætti við fiskeldi.“

Breyting á núverandi fyrirkomulagi mun koma sjókvíaeldisbyggðum verulega til góða og mikilvægt að því kerfi sem komið verður á, verði einfalt og fyrirsjáanlegt fyrir sveitarfélög. Í skýrslunni kemur ekki fram hverjar forsendur skiptingarinnar yrðu, hvorki

hvað gjaldstofn varðar eða nánari skilgreiningar um það hvernig sveitarfélög sæki slíkar greiðslur eða sýni fram á störf sem vinna með beinum hætti við fiskeldi. Dæmi um skiptingu hefur þó verið kynnt fyrir stjórn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og við samráð ráðuneytisins í aðdraganda þess að stefnan sé gerð. Velta þarf fyrir sér öllum möguleikum til framtíðar um hvernig vinna við sjókvíaelði muni fara fram. Ef eina breytan fyrir því hvernig sveitarfélög fá greiðslur byggist á því að til staðar séu launamenn hjá viðkomandi laxeldisfyrirtækjum í viðkomandi sveitarfélögum, gæti það búið til óeðlilegar sveiflur í greiðslum til sveitarfélaga ef laxeldisfyrirtækin breyta framleiðsluháttum hjá sér, s.s. með því að flytja fiskinn til slátrunar í önnur sveitarfélög, með því að nýta sér verktaka við sína vinnu í stað þess að um launamenn sé að ræða. Vonir standa þó til að fyrirtækin sjái hag sinn í því að vera með sem flesta launamenn í viðkomandi sveitarfélögum, enda mun innviðauppbýgging sem tengist þessum greiðslum koma þeim til góða á beinan og óbeinan hátt. Verði þessi leið ofan á er mikilvægt að ráðuneytið fylgist vel með því hvort sveiflur verði á greiðslum, sem tengist ekki minnkuðum umsvifum og hægt verði að grípa hratt og örugglega inn í ef forsendur tekjumóðelsins endurspegla ekki umfang nýtingar náttúruauðlinda í viðkomandi byggðum. Mikilvægt er að horfa til fjölda starfa í atvinnugreininni í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Ef markmið stjórnvalda er að fiskeldi verði ein af þeim greinum sem eigi þátt í efnahagsbata og vöruskiptajöfnuði á Íslandi, þarf að nást skýr sátt við sveitarfélögin um tilhögun fiskeldis, skiptingu þeirra gæða sem af fiskeldinu hljótask auk þess sem umhverfissjónarmið þurfa að vera í fyrirrúmi og er mikilvægt að byggja upp traust á því að þessi starfsemi sé eins umhverfisvæn og kostur er. Mikilvægt er að við þær breytingar sem gera á m.a. af gjalddöku gagnvart fiskeldisfyrirtækjum að stórum hluta þeirra tekna verði veitt beint til sveitarfélaga til innviðauppbýggingar í samræmi við þá leið sem lögð er til í stefnumótun ráðuneytisins.

## 11.2 Eftirlit og stjórnsýsla

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telur stefnumörkun ráðuneytisins í þessum málaflokki vera mikilvægt innlegg til þess að taka ákvarðanir um framtíð lagareldis á Íslandi. Afar mikilvægt er að eftirlit og stjórnsýsla með þessari starfsemi sé virk og leyfisveitingaferlið sé skýrt og fyrirsjáanlegt fyrir rekstraraðila.

Hvað eftirlit með atvinnugreininni varðar telja samtökin nauðsynlegt að benda á nauðsyn þess að byggja upp eftirlitsstjórnvöld í þeim landshlutum sem fiskeldi er mest svo eftirlit sé sem mest í tengslum við nærsamfélagið, það sé þéttara og árangursríkara. Þá er mikilvægt að meiri samvinna sé milli mismunandi eftirlitsaðila. Þar sem um mjög stórt hagsmunamál er að ræða fyrir íslenskt samfélag sem og þá sérstaklega þá landshluta þar sem þessi starfsemi fer fram á Aust- og Vestfjörðum. Tryggja þarf að við uppbyggingu stjórnsýslu og eftirlits sé horft til þess að starfsemin mun nánast óhjákvæmilega vaxa mikið á næstu árum og því er þörf á að fjárfesta í þekkingu á því hvernig slík starfsemi geti þrífist á eins sjálfbæran hátt og kostur er. Í þeirri vegferð er afar mikilvægt að byggja upp kjarna sérþekkingar í hverjum landshluta fyrir sig sem sinni eftirliti við þessa starfsemi. Sambandið telur forsendur fyrir því að staðbundin störf við eftirlit verði bæði á vestfjörðum sem austfjörðum. Þrátt fyrir stefnu stjórnvalda um óstaðbundin störf eru eðli sumra starfa með þeim hætti að mun heppilegra er að þau séu í þeim landshluta þar sem eftirlitið á sér stað. Í þessu sambandi er vísað til ályktunar fjórðungspings vestfjarða

frá 68. þingi þess, þar sem fjallað var ítarlega um þær áskoranir sem til staðar eru við lagareldi og þá sérstaklega stjórnsýslu og eftirlit í málaflokknum<sup>1</sup>.

Hvað varðar stjórnsýsluferil þegar óskað er eftir rekstrarleyfi fyrir laxeldi telur sambandið mikilvægt að líta til annarra þjóða sem komnar eru lengra en Ísland í slíku ferli, s.s. í Noregi til þess að gera leyfisferlið einfaldara og skilvirkara, það mun leiða til eðlilegri hraða í ákvarðanatökugerli hvað varðar möguleika til fiskeldis í ákveðnum fjórðum og þá hraðari uppbyggingar þar sem fýsilegt er að fiskeldi verði starfrækt.

### II.3 Menntun og þekking

Í stefnumörkuninni er sérstaklega fjallað um fjárfestingu til framtíðar, menntun og þekkingu. Þar kemur fram að í matvælastefnu til ársins 2040 komi fram að fjárfesting í menntun og gott framboð á öflugum námi í matvælatengdum greinum séu grunnforsenda fyrir áframhaldandi samkeppnishæfi íslenskrar matvælaframleiðslu. Bent er sérstaklega á mikilvægi þess að námsgreinar á framhaldsskólastigi leggi grunninn að frekara starfsnámi fyrir nema í fiskeldi eða námi í náttúruvísindum. Tilgreint er að Hólar, HÍ; HA, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólasetur Vestfjarða og fleiri fái 58 m.kr. fjárveitingu til að bjóða upp á BS og MS nám í eldi, ræktun og fl. Samhliða samræmdum rannsóknum og rannsóknainviðum.

Samtökin leggja áherslu á að námið verði staðsett í þeim landshlutum þar sem lagareldi fer fram þannig að þekking byggist upp á þeim svæðum og framhaldsskólar sem þar eru verði eflir um leið með auknu námsframboði þessu tengt og tekjum sem því þurfa að fylgja.

### **III. Niðurlag**

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga lýsa sig tilbúin til þess að koma að áframhaldandi vinnu um framtíð lagareldis og telur nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi málsvara í þeirri vinnu sem fram undan er. Þétt samstarf við sveitarfélögin um þá þætti sem snúa að nærsamfélagi fiskeldisstarfsemi er forsenda þess að komið verði á sanngjarnara og hagkvæmara kerfi fyrir alla þá aðila sem koma að lagareldi við strendur Íslands.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

---

Jón Björn Hákonarson formaður

Samrit:

<sup>1</sup> [Ályktun 68. fjórðungsþings Vestfjarða.](#)



Matvælaráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík 2. janúar 2024

2312002SU JBH/vfá  
Málalykill: 40.22

## Efni: Frumvarp til laga um lagareldi

### I. Inngangur

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 6. desember 2023 (mál 256/2023), þar sem lögð eru fram drög að frumvarpi til laga um lagareldi. Markmið frumvarpsins er að skapa lagareldi á Íslandi skilyrði til verðmætasköpunar innan ramma sjálfbærrar nýtingar og með vistkerfisnálgun að leiðarljósi, miðað við þær upplýsingar sem finna má í samráðsgátt.

### II. Umsögn

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja að við alla lagasetningu sem varðar bæði einstök sveitarfélög og þjóðina alla svo miklu að samráð verði virkt og mikið í tengslum við meðferð málsins, bæði áður en frumvarpið er lagt fram á Alþingi sem og við þinglega meðferð þess. Við lagasetninguna er nauðsynlegt að litið verði til byggðasjónarmiða þegar sett eru heildarlög um þennan málaflokk. Markmið lagasetningarinnar þarf að vera, ásamt öðru, að lagasetningin leiði til uppbyggingar í málaflokknum, sem skili sér í sterkari byggðum í þeim landshlutum þar sem lagareldi er stundað. Lagasetningin má því ekki draga úr getu iðnaðarins til fjárfestinga sem geti skilað sér í auknum störfum og uppbyggingu í sveitarfélögum.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja afar mikilvægt að eftirlit með sjókvíældi verði eftir til muna. Fyrir liggur að útgjaldarammi málefna sviðs sjávarútvegs og fiskeldis mun aukast um 1,2 milljarða frá fjárlögum 2023 til 2028. Eykst framlag til Matvælastofnunar vegna verkefna á sviði fiskeldis um 140 til 240 m. kr. hvert ár á þessu árabili. Kemur fram í frumvarpi að ráða eigi inn 12 starfsmenn fyrir þá auknu fjármuni sem Matvælastofnun fær til eftirlits á þessu sviði. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja afar mikilvægt að þessir fjármunir verði nýttir til þess að byggja upp mannauð og starfsemi á vegum eftirlitsstjórnvalda í þeim landshlutum sem sjókvíældi er staðsett. Um er að ræða grundvallarmál til þess að tryggja gagnsæi og traust á eftirlitskerfi sjókvíældis. Mikilvægt er að tryggja umrædda starfsemi, bæði á Vest- og Austfjörðum. Tryggja þarf að við uppbyggingu stjórnsýslu og eftirlits sé horft til þess að starfsemin mun nánast óhjákvæmilega vaxa mikið á næstu árum og því brýn þörf á því að fjárfesta í þekkingu á því hvernig slík starfsemi geti þrífist á eins sjálfbæran hátt og kostur er. Því þarf að byggja upp kjarna sérþekkingar í hvorum landshluta fyrir sig sem sinni eftirliti við starfsemina. Það tryggir skjót viðbrögð þegar óvæntir atburðir verða við starfsemina. Ekki er heppilegt að allir starfsmenn sem sinni slíku eftirliti séu staðsettir á suðvesturhorni landsins ef þarf að sinna eftirliti með stuttum fyrirvara að vetri til þegar samgöngur milli landshluta geta verið erfiðar.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga fagna þeirri tillögu sem finna má í frumvarpinu hvað varðar tekjur af samfélagssjóði sjókvíaeldis skv. 81. gr. fari beint til sjókvíaeldisbyggða til innviðauppbyggingar en ekki sé um samkeppnissjóð að ræða eins og raunin er í dag. Þrátt fyrir það telja samtökin að auka eigi hlutdeild sveitarfélaga í þeim fjármunum sem innheimtir eru vegna sjókvíaeldis, en gert er ráð fyrir að eingöngu 1/3 þeirra fjármuna sem safnast í sjóðinn fari til sveitarfélaga. Mikilvægt er að stjórnvöld fylgist vel með nýju fyrirkomulagi og eigi í nánu samráði við sjókvíaeldisbyggðir og séu óhrædd við að endurskoða fyrirkomulagið þegar betri reynsla kemst á það, s.s. hvað varðar réttláta skiptingu gjaldsins milli sveitarfélaga. Erfitt er þó að meta fyrirkomulagið heildstætt þar sem óvissa sé varðandi fyrirkomulag skiptingar milli sveitarfélaga. Samráðið er einkar mikilvægt við setningu reglugerðar þar sem sett verða nánari skilyrði úthlutunar til einstakra sveitarfélaga. Þétt og gott samstarf þarf að vera milli ríkis og sveitarfélaga við þá reglusetningu. Þau sveitarfélög þar sem sjókvíaeldi hefur farið fram fengu kynningu á minnisblaði matvælaráðuneytisins um tillögu til skiptingar á sjóðnum. Telja samtökin að heppilegast sé að líta til þess að sjóðurinn skuli fara til þeirra sveitarfélaga sem veita þjónustu vegna sjókvíaeldis.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja einnig mikilvægt að stjórnsýsla og eftirlit með umhverfissjóði verði skýrð frekar en gert er í frumvarpinu. Jafnframt vilja samtök sjávarútvegssveitarfélaga að þeim fjármunum sem veitt er úr umhverfissjóði sjókvíaeldis til eflingar menntunar á sviði sjókvíaeldis verði veitt til framhaldsskóla í þeim landshlutum þar sem sjókvíaeldi fer fram til þróunar náms sem tengist atvinnugreininni. Þá telja samtökin að hlutfall úthlutunarfjár skv. 2. mgr. 72. gr. frumvarpsins skuli vera hærra, enda mikilvægt að auka rannsóknir hjá öðrum en Hafrannsóknarstofnun þó enginn vafi sé á að stofnunin gegni mikilvægu hlutverki við framkvæmd laganna.

Veruleg umræða hefur verið í þjóðfélaginu um sjókvíaeldi. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja nýtt frumvarp um lagareldi gagnlegt skref til þess að koma til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið. Mikilvægt er að allt regluverk í kringum þessa vaxandi atvinnugrein verði með gagnsæjum hætti og allir ferlar, s.s. hvað varðar leyfisveitingar verði skilvirkir og tryggji betur en nú er traust á starfsemi en nú er. Erfitt er þó fyrir sjávarútvegssveitarfélög að mynda sér skoðun á því frumvarpi sem fyrir liggur þar sem stór hluti þeirra reglna sem gilda eiga um lagareldi mun verða mótaður í reglugerðum. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja jafnframt mikilvægt að allar íþyngjandi aðgerðir sem farið sé í á grundvelli laganna eigi að byggja á fræðilegri nálgun, s.s. hvað varðar áhættumat erfðablöndunar, hámarkslífmassa á smitvarnarsvæðum og stöðvun eldis á frjóum laxi. Í lögunum er jafnframt að finna töluverðar heimildir stjórnvalda til þess að skerða eða afturkalla leyfi til þess að iðka sjókvíaeldi. Mikilvægt er að slíkar reglur séu fyrirsjáanlegar fyrir þau fyrirtæki sem leyfin fá, en einnig að reglurnar þrengi ekki um of að atvinnugreininni og samkeppnishæfni hennar. Í reglunum er meðal annars að finna heimildir til þess að skerða lífmassa á hverju smitvarnarsvæði. Óljóst virðist af frumvarpinu með hvaða hætti lífmassi á svæðinu á að aukast eftir þær skerðingar, eða hvort um óendurkræfar skerðingar er að ræða. Íþyngjandi aðgerðir stjórnvalda geta valdið verulegum áhrifum á atvinnuástand í þeim sveitarfélögum sem næst eru sjókvíaeldi og af þeim sökum er afar mikilvægt að þær reglur sem gilda séu skýrar og fyrirsjáanlegar fyrir alla aðila. Meðalhófi þarf að gæta þegar viðurlögum er beitt gagnvart atvinnufyrirtækjum, sem í sumum tilvikum geta verið afar viðkvæm fyrir sveiflum hvað framleiðslu sína varðar.

Í frumvarpinu er að finna í 7. gr. laganna ákveðin svæði sem óheimilt verður að ala laxfiska í sjókvíum. Ekki er tekin bein afstaða til umræddra friðunaráforma en samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja mikilvægt að umrædd friðunaráform verði rædd beint við hlutaðeigandi sveitarfélög áður en frumvarpið verður að lögum.

### III. Niðurlag

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga lýsa sig reiðubúin til frekara samstarfs og samráðs vegna áframhaldandi vinnu við fyrirbyggjandi frumvarp. Um grundvallarmálefni er að ræða fyrir þau sveitarfélög þar sem sjókvíaeldi er starfrækt á Aust- og Vestfjörðum. Ítrekað er mikilvægi þess að viðhafa samráð við þau sveitarfélög þar sem sjókvíaeldi er stundað eða fyrirsjáanlegt er að það verði stundað til framtíðar.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

  
Jón Björn Hákonarson formaður